

Hákon Jensson

**Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Laxárvirkjun
inn í Laxárdal og til Lauga í Þingeyjarsveit.**



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2024/1



Forsíðumynd: Gamalt hesthús á Kasthvammi, mynd tekin í austur.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2024/1

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	21
HEIMILDASKRÁ.....	22

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð. Framkvæmdasvæðið var frá Laxárvirkjun inn í Laxárdal, vestur til Lauga í Þingeyjarsveit en áform eru uppi um að leggja strenginn vorið 2024.

Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Rarik útvegaði. Rarik hafði áður látið gera fornleifaskráningu í Laxárdal árið 2015 á hugsanlegu framkvæmdasvæði og er áætlað að hluti framkvæmdasvæðisins 2024 verði innan þess svæðis. Á öðrum stöðum hafði ekki farið fram nein fornleifaskráning en til var skýrsla þar sem búið var að taka saman allar skriflegar heimildir um menningarminjar á svæðinu.

Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum sem veittu góðar upplýsingar um svæðið. Vettvangsskráning fór fram í október - nóvember 2023.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3197.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípír og hins vegar fornleifar.

Forngrípír eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur

annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁶

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands og túnakort frá Þjóðskjalasafni Íslands. Einnig voru mjög gagnlegar upplýsingarnar í skýrslunni „Menningarminjar í Reykdælahreppi“⁷ þar sem búið var að taka saman ritaðar heimildir um svæðið. Til viðbótar þessum upplýsingum gáfu heimamenn góðar upplýsingar um svæðið og menningarminjar á því. Fornleifaskráning hafði þegar farið fram af hluta af framkvæmdasvæðinu frá Laxárvirkjun til Birningsstaða og upplýsingar úr þeirri skráningu eru í skýrslunni „Fornleifaskráning vegna jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun og mannvirkja í Bárðardal“ frá 2015.⁸ Var því í samráði við Rarik ákveðið að skoða ekki þann hluta af framkvæmdasvæðinu.

Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskönnun þar sem framkvæmdasvæðið var skoðað. Minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með trimble gps tæki, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með gervihnattamynd frá kortavefsjá Landmælinga Íslands.

4. Fornleifaskráning

Birningsstaðir:

Fornleifanúmer: 3197-01

Hnit: A578849.2 N587764.0 ISN93

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Birningsstaða segir: „Þá er aftur upp af Kofagrund í brekkunni Skjólbrekka og Skjólbrekkuskriða með volgu vatni niður af brekkunni. Þá er Grænilækur og Grænalækjarmór.“⁹ Grænalækjarmór hefur verið staðsettur í örnefnasjá Landmælinga Íslands í kringum 75 m vestan við þjóðveginn um 1 km norðan við bæjarstæðið á Birningsstöðum.¹⁰ Þrátt fyrir að fyrir að á staðnum séu kjöraðstæður fyrir mótekju og einhver ummerki séu um efnistöku á svæðinu þá var ekki hægt að afmarka greinilegar mógrafir á staðnum.

Fornleifanúmer: 3197-02

Hnit: A578942.2 N586609.6 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Birningsstaða segir: „Þá er Brautarbolli, sem er rétt ofan við veginn. Vestan og ofar en Brautarbolli er Loddarabolli. En þangað lá Loddarastígur, niður tún; þótti loddara bragð að ríða túnið.“¹¹ Stígurnn hefur legið niður suðurhluta túnsins á Birningsstöðum. Ekki sáust nein greinileg ummerki um stíginn á staðnum.

⁶ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁷ Guðrún og Orri, 2001, bls.16-159.

⁸ Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri), 2015, bls. 28-36.

⁹ Örnefnaskrá, Birningsstaðir, bls. 3.

¹⁰ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.

¹¹ Örnefnaskrá, Birningsstaðir, bls. 4.

Halldórsstaðir:

Fornleifanúmer: 3197-03

Hnit: A578808.0 N584395.1 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Í bókinni „Tíminn Sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi“ hefur Árni Einarsson kortlagt forn garðlög út frá loftmyndum. Á Halldórsstöum hefur hann teiknað garðlag¹² sem er fyrst sýnilegt í hliðinni um 240 m vestan við húsið á lóðinni Nýhús¹³ og liggur norð-vestur. Í vettvangsathugun var mikið gróðurfar og veðurfar var mjög óhagstætt þoka og rigning. Ekki sáust skýr merki um garðlagið á þeim slóðum sem rafmagnsstrengurinn á að fara um og heimildarmaður kannaðist ekki við þetta garðlag nema úr bókinni hans Árna.¹⁴ Garðlagið var því kortlagt út frá loftmynd af vefnum Map.is en það er nokkuð sýnileg ummerki á loftmynd frá 2009, það er hins vegar töluvert meira gróðurfar á loftmynd frá 2018 og ummerki ekki jafn áberandi.¹⁵ Í þessari skráningu var garðlagið aðeins kortlagt á þeim slóðum sem rafmagnsstrengurinn fór um en samkvæmt teikningum Árna þá er það hluti af stærra garðlaga kerfi.¹⁶



Mynd 1. Garðlag á Halldórsstöðum, mynd tekin af MAP.IS - Loftmyndir ehf. 2009.

Fornleifanúmer: 3197-04

Hnit: A578541.2 N584268.2 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Í örnefnaskrá Halldórsstaða segir: „Prestgata frá Grenjaðarstað liggur um Skarð, Fjallshorn, hryggi, Melhóla, ofan Spápúfunýræktar, um Prestvörðu, og Prestmýri í Þverá.“¹⁷ Búið er að afmarka Prestgötu í örnefnasjá Landmælinga Íslands, og samkvæmt því liggur hún frá bæjarstæðinu á Þverá upp í fjall yfir Birningsstöðum.¹⁸ Á Halldórsstöðum liggur rafmagnsstrengurinn í gegnum leiðina um 880 m fyrir ofan veg. Þar var slóði sem leit úr eins og kinda slóði um 0,3-0,7 m á breidd og niðurgröftur um 0,1-0,4 m.

¹² Árni Einarsson, 2019, bls. 155.

¹³ Vefsíða landeigna

¹⁴ Halldór Valdemarsson, munnleg heimild.

¹⁵ MAP.IS – Loftmyndir ehf.

¹⁶ Árni Einarsson, 2019, bls. 155.

¹⁷ Örnefnaskrá, Halldórsstaðir, bls. 9.

¹⁸ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.



Mynd 2. Prestagata, mynd er tekin í norð-vestur

Fornleifanúmer: 3197-05

Hnit: A578489.1 N584249.2 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnasjá Landmælinga Íslands þá hafa Barðsgötur verið merkar inn og liggja þær skammt vestan við Prestgötu og liggja í norð-vestur. Þrátt fyrir að nokkuð sé um kindaslóða og einnig slóða sem hafa verið búnir til við lagningu rafmagnslína þá var ekki hægt að sjá greinileg ummerki um þessa götu á þeim slóðum sem rafmagnsstrengurinn á að liggja. Aðrir slóðar á staðnum virtust liggja í aðrar áttir.

Fornleifanúmer: 3197-06

Hnit: A577874.3 N584001.8 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Í örnefnasjá Landmælinga Íslands þá hefur Stekkjargata verið afmörkuð. Liggur hún í vestur svipaða leið og rafmagnsstrengurinn á að liggja.¹⁹ Á svipuðum slóðum og afmörkunin er staðsett í örnefnasjá er hægt er að sjá stíg sem liggur upp að stekki lengra upp í hlíðinni. Hann er mjög greinilegur rétt fyrir neðan stekkinn og liggur hann þar á milli tveggja hæða beint að stekki. Stígurinn var um 0,3-0,5 m á breidd og niðurgröftur um 0,1 m. Ekki var reynt að fylgja honum alla leið heldur var hann kortlagður þar sem framkvæmdasvæðið sker hann.

¹⁹ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.



Mynd 3. Stekkjargata, myndin er tekin í vestur.

Fornleifanúmer: 3197-07

Hnit: A577772.1 N583949.6 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Í örnefnasjá Landmælinga Íslands þá hafa Stekkjardalsgötur verið afmarkaðar, liggja þær vestan við stekkin í suður og beygja svo í suð-austur.²⁰ Skammt vestan við stekkin þar sem landið fer að hækka er mjög sléttur og þurr flötur sem auðvelt hefur verið að ganga á. Breiddin á götunum er um 0,4 og niðurgröftur um 0,05 m



Mynd 4. Stekkjardalsgötur, myndin er tekin í suður.

Fornleifanúmer: 3197-08

Hnit: A579419.2 N584374.4 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Halldórsstaða segir: „Þá er komið að Brennilæk, sem fyrr var getið. Neðst við hann að sunnan eru Lækjarhús á háum hól.“²¹ Lækjarhús eru skráð í örnefnasjá Landmælinga

²⁰ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.

²¹ Örnefnaskrá, Halldórsstaðir, bls. 8.

íslands um 25 m sunnan við heimreið um 107 m vestan við þjóðveginn.²² Samkvæmt heimildarmani eru engin ummerki um húsið lengur,²³ sem var staðfest með vettvangsathugun.

Fornleifanúmer: 3197-09

Hnit: A579303.9 N584262.6 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Hús

Á Halldórsstöðum 2 stendur enn húsið sem var teiknað á túnakortið frá 1919, í fasteignaskrá er það sagt vera byggt um 1893.²⁴



Mynd 5. Íbúðarhús á Halldórsstöðum 2, myndin er tekin í suður.

Fornleifanúmer: 3197-10

Hnit: A579286.0 N584262.6 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Hús

Á Halldórsstöðum 3 stendur enn húsið sem var teiknað á túnakortið frá 1919, í fasteignaskrá er það sagt vera byggt um 1908.²⁵



Mynd 6. Íbúðarhús á Halldórsstöðum 3, myndin er tekin í norð-vestur.

²² Örnefnasjá - Landmælingar ísland.

²³ Halldór Valdemarsson, munnleg heimild.

²⁴ Vefuppfletti fasteignaskrár

²⁵ Vefuppfletti fasteignaskrár

Fornleifanúmer: 3197-11

Hnit: A579288.7 N584288.4 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús á Halldórsstöðum í kringum 15 m norður af íbúðarhúsinu á Halldórsstöðum 3. Engin ummerki sjást í grasflöt á staðnum.

Fornleifanúmer: 3197-12

Hnit: A579527.1 N584313.1 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnasjá er búið að afmarka götu sem kallast Gamlagata. Liggur hún austur-vestur frá gamla túninu yfir þjóðveginn og niður að Halldórsstaðatúni.²⁶ Ekki var hægt að sjá ummerki um götuna á þeim slóðum sem framkvæmdasvæði Raríks er.

Þverá:

Fornleifanúmer: 3197-13

Hnit: A580492.4 N583239.4 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Gamli túngarðurinn á Þverá sem var á túnakortinu frá 1919 er mjög greinilegur vestan við þjóðveginn og upp að bæjarhúsum, hann er einnig sýnilegur fyrir austan þjóðveginn. Það er girðing í honum, hæð garðsins 0,5-0,9 og breidd 1,3-1,5 m. Var hann kortlagður að hluta með vettvangskönnun og hluta með loftmynd, hann var um 9 m langur fyrir neðan veg en 476 m fyrir ofan veg áður en hann rofnaði.



Mynd 7. Túngarðurinn á Þverá, mynd er tekin í suð-vestur.

²⁶ Örnefnasjá - Landmælingar ísland.

Fornleifanúmer: 3197-14

Hnit: A580504.2 N583152.5 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Þverár segir: „Norðan [við] túnið frá mynni Árgilsins, lágu gamlar reiðgötur, ofan við Sláttuna, beint heim í hlað, nú að mestu horfnar, og var þar nefnd Gamlagata.“²⁷

Búið er að afmarka Gömlugötu í örnefnasjá Landmælinga Íslands þar sem hún liggur frá bæjarhúsunum á Þverá í norður á túnin beygir svo í norð-austur.²⁸ Engin ummerki sjást í túni á þeim stað sem rafmagnsstrengurinn á að fara um.

Fornleifanúmer: 3197-15

Hnit: A581146.7 N581821.9 ISN93

Hlutverk: Legstaður

Tegund: Heimild

Í skýrslunni Menningarminjar í Reykdælahreppi segir frá hrossa og mannabeinafundi í landi Þverár sem komu fram við framkvæmdir. Fundurinn var fyrir ofan veg skammt frá landamerkjum milli Þverár og Auðna. Framkvæmdir hafa átt sér stað nokkrum sinnum á þessum slóðum og því líklegt að legstaðurinn sé að mestu eyðilagður. Það er þó ekki hægt að útiloka að þarna hafi verið kumlateigur og því séu fleiri kuml á staðnum.²⁹ Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu þar sem beinin fundust við framkvæmdir en heimildarmaður afmarkaði svæði á þeim slóðum³⁰ þar sem rafmagnsstrengurinn á að liggja.

Auðnir:

Fornleifanúmer: 3197-16

Hnit: A581180.5 N581786.8 ISN93

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Garðlag

Landamerkjagarður er á landamerkjum Þverár og Auðna. Fyrir austan þjóðveginn er garðurinn nokkuð greinilegur torfhlaðinn um 0,3-0,4 m á hæð og um 0,5-0,6 m á breidd. Liggur hann í 20 m norð-austur áður en hann tengist steinhlöðnum garði. Vestan við veginn var hann samkvæmt heimildarmanni að mestu leyti kominn undir vegarslóða.³¹ Það var þó hægt að greina hann að einhverju leyti og var hann um 0,2 m á hæð og um 1 m á breidd, lá hann í suð-vestur um 58 m.

²⁷ Örnefnaskrá, Þverá, bls. 9-10.

²⁸ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.

²⁹ Hildur og Sædís, 2001, bls. 34.

³⁰ Adolf Friðriksson, skrifleg heimild.

³¹ Benedikt Hrólfur Jónsson, munnleg heimild.



Mynd 8. Leifar af túngarði sem er að mestu leyti komin undir vegarslóða.

Fornleifanúmer: 3197-17

Hnit: A581233.3 N581477.4 ISN93

Hlutverk: Leikvöllur

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Auðna segir: „Neðsti hluti Syðragils með fram túninu heitir Garðkofalág og við hana í norðvesturhorni túnsins er Leikhóll.“³² Seinna í handskrifuðu handriti viðauka í örnefnaskránni segir: „Á túni eru engin örnefni nema Leikhóll lítill hóll við norðvesturhorn túnsins og er nú í honum votheysgryfja...“³³ Í örnefnasjá Landmælinga Íslands er hann sagður vera um 125 m norður af íbúðarhúsinu á Auðnum.³⁴ Vel gróinn hóll og og einhverjir steinar voru í honum en það sáust þó engar mannvirkjaleifar í honum. Samkvæmt heimildarmanni þá var votheysgryfjan í öðrum hóli en Leikhól, búið sé að breyta megninu af Leikhól í tún í dag.³⁵

Fornleifanúmer: 3197-18

Hnit: A581192.4 N581371.1 ISN93

Hlutverk: Annað

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Auðna segir: „Neðsti hluti Syðragils með fram túninu heitir Garðkofalág og við hana í norðvesturhorni túnsins er Leikhóll.“³⁶ Í örnefnasjá Landmælinga Íslands er búið að staðsetja örnefnin Garðkofalág og Garðkofa sem var staðsettur um 44 norð-vestur af íbúðarhúsinu á Auðnum í túnjaðri.³⁷ Samkvæmt heimildarmanni er löngu búið að fjarlægja öll ummerki um þessa byggingu.³⁸

³² Örnefnaskrá, Auðnir, bls. 1.

³³ Örnefnaskrá, Auðnir, bls. 8.

³⁴ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.

³⁵ Jón Benediktsson, munnleg heimild.

³⁶ Örnefnaskrá, Auðnir, bls. 1.

³⁷ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.

³⁸ Benedikt Hrólfur Jónsson, munnleg heimild.

Kasthvammur/Árhvammur:

Fornleifanúmer: 3197-19

Hnit: A579388.3 N586994.3 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Kasthvamms og Árhvamms segir: „Þá er Álftanef graslendingatangi, sem gengur fram í Laxá... Klofaklettur er hár, klofin hraunþústa norðan við Álftanes.

Álftanesstígur er niður á nefið og Klofastígur er niður í nefið hjá Klofa.“³⁹ Klofastígur er afmarkaður í örnefnasjá Landmælinga Íslands í kringum 30 m norður af veiðihúsinu⁴⁰ á lóðinni Rauðhólar⁴¹ og liggur í austur. Ekki sáust nein skýr merki um stíginn á svæðinu.

Fornleifanúmer: 3197-20

Hnit: A579465.3 N586769.1 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Hleðsla

Í örnefnaskrá Kasthvamms og Árhvamms segir: „Djúpuvíkurbrekka er frá Klapparhorni að Kálfagirðingarklökkum eða Kiðlingaklökkum; Kálfagirðing og Kálfagirðingagrundir, grundarblettur sunnan við Kálfagirðingu.“⁴² Kálfagirðing hefur verið afmörkuð í örnefnasjá

Landmælinga Íslands og er sitthvoru megin við þjóðveginn um 180 m sunnan við veiðihús⁴³ sem stendur á lóðinni Rauðhólar samkvæmt vefsja landeigna.⁴⁴ Fyrir austan þjóðveginn eru leifar af grjóthlöðnum garði í tveimur hlutum samtals um 10 m langir, fyrir vestan þjóðveginn lá grjóhlaðinn garður niður að Laxá um 53 m að lengd. Hæðin á garðinum var frá 0,2-1 m og breidd um 0,4-0,5 m. Garðurinn lá allur í hlykkjum þar sem hann var hlaðinn eftir náttúrulegum kennileitum í landslaginu s.s. gjótum, hólum og fl.



Mynd 9. Kálfagirðing, mynd er tekin í vestur.

³⁹ Örnefnaskrá, Kasthvammur og Árhvammur, bls. 9.

⁴⁰ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.

⁴¹ Vefsja landeigna

⁴² Örnefnaskrá, Kasthvammur og Árhvammur, bls. 9.

⁴³ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.

⁴⁴ Vefsja landeigna

Fornleifanúmer: 3197-21

Hnit: A579493.3 N586086.5 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Í örnefnaskrá Kasthvamms og Árhvamms segir: „Mjóibakki, bakkinn næst garði, að Syðraklifi. Strákabakki frá Syðraklifi að Ytraklifi. Hólmabakki frá Ytraklifi út á móti Klifhorni (sjá síðar). Þá er Breiðibakki út að Lurksstíg. Flóabakki er frá Lurksstíg út að Djúpuvík út á móti Bakkahorni.⁴⁵ Í örnefnasjá Landmælinga Íslands er Lurkstígur afmarkaður fyrir vestan þjóðveginn á milli veiðhússins og heimreiðinni að Kasthvammi.⁴⁶ Þar var nokkurs konar göngugarður um 34 m langur sem lá norður-suður. Garðurinn var um 0,3-0,7 m á hæð og breidd um 1,3-2 m.



Mynd 10. Torfhlaðinn göngugarður, mynd er tekin í suður.

Fornleifanúmer: 3197-22

Hnit: A579714.3 N585426.5 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Sitthvoru megin við grindarhlið á þjóðveginum um 500 m norðan við heimreiðina á Kasthvammi var grjóthlaðinn garður. Fyrir neðan veg lá garðurinn frá hindrun niður að Laxá um 25 m og fyrir ofan veg var um 13 m langur bútur. Garðurinn er um 0,3-1 m á breidd og hæð 0,4-1,4 m. Hann var bæði hærri og breiðari fyrir neðan veg. Þar sem garðurinn endar fyrir ofan veg virðist girðing hafa verið reist í torfgarði upp brekkuna. Sá garður var ekki kortlagður sértaklega þar sem hann var kominn út fyrir framkvæmdasvæðið.

⁴⁵ Örnefnaskrá, Kasthvammur og Árhvammur, bls. 8.

⁴⁶ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.



Mynd 11. Grjóthlaðinn garður, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3197-23

Hnit: A579836.3 N585168.3 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Í kringum 300 m fyrir norðan heimreiðina að Kasthvammi um 6 m fyrir ofan þjóðveginn er steinhlaðið garðlag sem liggur í suður og er það um 46 m á lengd. Það er rofið á þremur stöðum en þar sem það er sýnilegt er hæð þess um 0,1-0,4 m og breidd 0,2-0,3 m. Garðlagið beygir síðan í austur og er þá torfhlaðið. Þar er lengd þess um 115 m en er rofið á fjórum stöðum, það fjarar svo út í brekkunni fyrir neðan útihúsin. Hæð þess er um 0,1-0,3 m og breidd um 0,3-0,5 m.



Mynd 12. Grjóthlaðið garðlag, mynd er tekin í suð-austur.

Fornleifanúmer: 3197-24

Hnit: A580032.6 N585086.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti var útihús um 60 m fyrir neðan íbúðarhúsið á Kasthvammi, þar eru nú tún og heimreið og engin ummerki um mannvirki.

Fornleifanúmer: 3197-25

Hnit: A580095.0 N585169.7 ISN93

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Kasthvamms og Árhvamms segir: „Tún og túngirðing: Gömlukvíar, fornar kvíarústir, nú sléttað yfir beint upp af bænum, upp við túngirðingu.“⁴⁷ Gömlukvíar hefur verið afmörkuð í örnefnasjá Landmælinga Íslands og er fyrir ofan um 35 m norðan við íbúðarhúsið á Kasthvammi.⁴⁸

Fornleifanúmer: 3197-26

Hnit: A580084.0 N585131.6 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Þar sem gamla bæjarstæðið á Kasthvammi var stendur nú einbýlishús byggt 1939. Engin ummerki er um eldri mannvirki á staðnum.

Fornleifanúmer: 3197-27

Hnit: A580098.9 N585124.3 ISN93

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Þar sem gamla bæjarstæðið á Kasthvammi var stendur nú einbýlishús byggt 1939, á túnkortinu var einnig sáðgarður fast suð-austan við húsið. Engin ummerki er um sáðgarðinn á staðnum.

Fornleifanúmer: 3197-28

Hnit: A580197.4 N585039.6 ISN93

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Kasthvamms og Árhvamms segir: „Miðhús voru 100 kinda hús; þar íbúðarhús nú.“⁴⁹ Miðhús var þar sem nú er íbúðarhús byggt 1961⁵⁰ á landspildu sem er afmörkuð sem Árhvammur 2 í vefsíðu landeigna.⁵¹

Fornleifanúmer: 3197-29

Hnit: A580141.4 N584988.8 ISN93

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Hús

Á túnakortinu var útihús um 30 m vestur af íbúðarhúsinu á Árhvammi og stendur þar hrörlegt hús þar sem steinhlaðnir veggir eru um 0,8-0,9 m á hæð en hæð upp í stafn er um 2,3 m. Breidd veggja er um 1-1,1 m. Umfang hússins er 8,5X11 m. Samkvæmt heimildarmanni var þetta hesthús og er búið að fjarlægja hluta af því.⁵² Í örnefnasjá Landmælinga Íslands eru líka mikið af örnefnum í nágrenninu sem vísa til hesthús.⁵³

⁴⁷ Örnefnaskrá, Kasthvammur og Árhvammur, bls. 5.

⁴⁸ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.

⁴⁹ Örnefnaskrá, Kasthvammur og Árhvammur, bls. 5.

⁵⁰ Vefuppfletti fasteignaskrár

⁵¹ Vefsíða landeigna

⁵² Halla Bergsteinsdóttir, munnleg heimild.

⁵³ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.



Mynd 13. Hesthús sem var á túnakortinu frá 1919, mynd er tekin í norð-austur.

Fornleifanúmer: 3197-30

Hnit: A578808.0 N584395.1 ISN93

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Kasthvamms og Árhvamms segir: „Ytratóttarbrott, talið gamalt hesthús. Þar stendur nú Árhvammur ásamt átta kúa fjósi og 200 hesta hlöðu.“⁵⁴ Þar stendur nú íbúðarhús byggt 1939 og vélageymsla byggð 1952⁵⁵ á landspildu sem er afmörkuð sem Árhvammur 1 í vefsjá landeigna.⁵⁶

Fornleifanúmer: 3197-31

Hnit: A581108.1 N583507.5 ISN93

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Hleðsla

Í landamerkjabók Þingeyjarsýslu um landamerki Kasthvamms segir: „Að austan ræður merkjum...Að sunnan garður úr Laxá, sunnanvert við svonefndan Markhólma upp í brún, og eru þrjár klappir fyrir utan garðinn í brúninni.“⁵⁷ Landmerkjagarðurinn hefur verið merktur í örnefnasjá Landmælinga Íslands.⁵⁸ Merkigarðurinn er fyrst sýnilegur um 9 m fyrir austan þjóðveginn og liggur hann í smá sveig um 188 m upp eftir ekki er hægt að sjá fyrir gróðri hvort hann liggur mikið lengra. Garðurinn er ýmist grjóthlaðinn eða grjóthleðsur ofan á torfgarði. Notast hefur líka verið við náttúruleg kennileiti í landslaginu eins og lautir og fl. Hæð garðsins er 0,7-1,1 m og breidd 0,4-1,4 m. Á þeim slóðum sem framkvæmdasvæði Raríks er á hefur greinilega verið farið í gegnum garðinn líklega með ljósleiðaralögn og grjót sett aftur í garðinn.

⁵⁴ Örnefnaskrá, Kasthvammur og Árhvammur, bls. 5.

⁵⁵ Vefuppfletti fasteignaskrár

⁵⁶ Vefsja landeigna

⁵⁷ Landamerki Kasthvamms í Helgastaðahreppi.

⁵⁸ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.



Mynd 14. Landamerkjagarður milli Kasthvamms/Árhvamms og Hóla/Árhóla, mynd er tekin í vestur.

Árhólar/Hólar:

Fornleifanúmer: 3197-32

Hnit: A581380.4 N582944.1 ISN93

Hlutverk: Torftökustaður

Tegund: Náma

Í örnefnaskrá Hóla segir: „Utan við Tjarnarstæði er volgur lækur, sem rennur um mó, sem heitir Laugamór. Þar utar er Svarðarmýri, sem er upp af Bárnavíkurbakka.“⁵⁹ Búið er að afmarka Svarðarmýri í örnefnasjá Landmælinga Íslands er það skammt fyrir austan þjóðveginn um 2 km norð-vestur af útihúsunum á Árhólum.⁶⁰ Þar voru ummerki um svarðgrafir, afmarkað var svæðið þar sem þær voru greinilegar. Svæðið er nokkuð óreglulegt sem bendir til að margar minni svarðgrafir hafi verið teknar á svæðinu en það var afmarkað sem ein heild. Umfang þess var um 42X21 m þar sem það var stærst og niðurgröftur um 0,2-0,5 m.



Mynd 15. Svarðgrafir í Svarðarmýri, mynd er tekin í norð-vestur.

⁵⁹ Örnefnaskrá, Hólar, bls. 7.

⁶⁰ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.

Fornleifanúmer: 3197-33

Hnit: A581418.0 N582824.8 ISN93

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Hóla segir: „Utan við Tjarnarstæði er volgur lækur, sem rennur um mó, sem heitir Laugamór. Þar utar er Svarðarmýri, sem er upp af Bárnavíkurbakka.“⁶¹ Laugarmór var einnig afmarkað í örnefnasjá Landmælinga Íslands fast sunnan við Svarðgrafarmýri.⁶² Ekki sáust greinileg ummerki um mótekju á staðnum en gróðurfar var mjög mikið á svæðinu.

Fornleifanúmer: 3197-34

Hnit: A581824.3 N581874.8 ISN93

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Austan við Hólana sem eru um 220 m norðan við útihúsin á Árhólum er mýri og í þeim eru að minnsta kosti leifar af fimm görðum. Garðarnir eru ekki ósvipaðir göngugörðum vegna þess hve breiðir þeir eru og lágir og hentugir til þess að ganga yfir mýrina. Það er þó ólíklegt vegna þess hve margir þeir eru, taldi heimildamaður jafnvel að þetta hafi verið nokkurs konar áveitugarðar. Tók hann jafnframt fram að búið væri að raska þeim í gegnum tíðina.⁶³

Fyrsti garðurinn var um 72 m langur en var þó skarð í honum um 11 m langt, hann var eini garðurinn sem náði milli brekku og hóla. Breidd garðsins var 1,3-1,6 m og hæð 0,4-0,9 m.



Mynd 16. Áveitugarður, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3197-35

Hnit: A581894.9 N581815.3 ISN93

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Næsti garður var um 87 m suð-austan við garð nr. 3197-29, hann var um 26 m langur en fjarar út til austurs. Breidd garðsins var 1,5-1,8 m og hæð 0,1-0,2 m.

⁶¹ Örnefnaskrá, Hólar, bls. 7.

⁶² Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.

⁶³ Hallgrímur Hallsson, munnleg heimild.



Mynd 17. Áveitugarður, mynd er tekin í vestur.

Fornleifanúmer: 3197-36

Hnit: A581925.2 N581757.5 ISN93

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Garður 3 er um 68 m suð-austan við garð nr. 3197-30. Hann var kortlagður af loftmynd þar sem engin upphækkun var á staðnum og virtist aðeins móta fyrir honum sem gróðurfarsbreytingar á staðnum.

Fornleifanúmer: 3197-37

Hnit: A581987.8 N581724.6 ISN93

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Garður 4 er um 58 m fyrir suð-austan garð nr. 3197-31 og er um 37 m langur þó rofinn á um rúmlega 2 m kafla. Eins og garður nr. 3197-30 þá fjarar hann út áður en hann kemur að brekkunni í austur. Garðurinn er um 1,3-1,4 m á breidd og hæð 0,2-0,8 m.



Mynd 18. Áveitugarður mynd er tekin í vestur.

Fornleifanúmer: 3197-38

Hnit: A582057.4 N581581.6 ISN93

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Garður 5 er um 156 m suð-austan við garð nr. 3197-32. Garðurinn er um 24 m langur og nær frá hólunum aðeins út í mýrina en ekki að brekkunni til austurs. Breidd garðsins var um 1,1-1,2 m og hæð 0,2-0,3 m, það sást einnig móta fyrir steinhleðslum í garðinum.



Mynd 19. Áveitugarður, mynd er tekin í vestur.

Stóru-Laugar:

Fornleifanúmer: 3197-39

Hnit: A576887.5 N583426.0 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Halldórsstaða segir: „Héðan heiman frá Halldórsstöðum liggja götur í Stóru-Lauga, sem heita Stórulaugagata. Göturnar liggja í hávestur um holtahryggi upp að Fellamýri, þaðan yfir í Hvítafell í hávestur í Stóru-Lauga.“⁶⁴ Göturnar hafa verið afmarkaðar í Örnefnasjá Landmælinga Íslands, þar virðast þær ýmist heita Halldórsstaðagötur innan Stóru-Lauga eða Stórulaugagötur innan Halldórsstaða.⁶⁵ Ekki var hægt að sjá ummerki um göturnar á þeim slóðum sem rafmagnsstrengurinn á að liggja um.

Fornleifanúmer: 3197-40

Hnit: A574703.5 N582228.4 ISN93

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild


Í örnefnaskrá Stórulauga segir: „Vegurinn lá svo ofar, norðan við Stórulaugartún og yfir ána á vaði, sem heitir Brautarvað.“⁶⁶ Vaðið er merkt í örnefnasjá Landmælinga Íslands nokkurn veginn í beinni línu niður af bæjarhúsunum niður að á.⁶⁷

⁶⁴ Örnefnaskrá, Halldórsstaðir, bls. 12.

⁶⁵ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.

⁶⁶ Örnefnaskrá, Stórulaugar, bls. 2.

⁶⁷ Örnefnasjá - Landmælingar Ísland.



Rafmagnsstrengur
Fornleifar
Heimildir um fornleifar af túnakorti
Heimildir um fornleifar

Nafn	LAXÁRDALUR - LAUGAR	Dags.	26.01.2024 hj	Skýringar:	BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
	ÞINGEYJARSVEIT	Mælikv.	1:35000 í A3	Fornleifar og heimildir um fornleifar innan og nærri framkvæmdasvæði Rariks vegna lagningu rafmagnsstrengs í jörð í Laxárdal og yfir til Lauga.	

5. Samantekt

Framkvæmdasvæði Rarik nær frá Laxárvirkjun inn í Laxárdal og yfir til Lauga.

Lagt var upp með það að forðast sem flesta minjastaði og á þessari leið voru 40 minjastaðir skráðir og þar af 20 skráðir sem heimildir. Flestir af þeim minjastöðum sem skráðir voru eru þess eðlis að erfitt er að komast fram hjá þeim s.s garðlög og leiðir eða voru einungis til sem heimildir og því erfitt að vita nákvæmlega um staðsetningu þeirra.

Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að ekki hafi fundist fleiri heimildir eða menningarminjar á framkvæmdasvæðinu þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 5 mars 2024
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Árni Einarsson. (2019). Tíminn Sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi. Mál og Menning. Reykjavík.

Guðrún Alda Gísladóttir og Orri Vésteinsson. (2001). Menningarminjar í Reykdælahreppi. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða HMS. Vefuppfletti fasteignarskrár. Þjóðskrá. Sótt af <https://vefuppfletti.skra.is/leit>. Skoðað 15.01.2024.

Heimasíða HMS. Vefsja landeigna. Sótt af <https://landeignaskra.hms.is/> Skoðað 15.01.2024.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri), Birna Lárusdóttir, Gísli Pálsson, Kristborg Þórsdóttir, Orri Vésteinsson og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. (2015). Fornleifaskráning vegna jarðstrengs frá Svartárvirkjun að Laxárvirkjun og mannvirkja í Bárðardal. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Landmælingar Íslands – Örnefnasjá. Sótt af <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>. Skoðað 09.12.2023

MAP.IS. Loftmyndir ehf. Sótt af <https://www.map.is/base/@578847,584408,z12,0>. Skoðað 14.02.2024.

Landamerkbók Þingeyjarsýslu. B. [1888-1889]. Landamerki Kasthvamms í Helgastaðahreppi. no. 41.

Heimildarmenn:

Benedikt Hrólfur Jónsson, 1987, Auðnir, Þingeyjarsveit.

Halla Bergsteinsdóttir, Kjarnagata 52, Akureyri.

Halldór Valdemarsson, 1950, Garðarsbraut 37, Húsavík.

Hallfríður Jónasdóttir, 1946, Mararbraut 19, Húsavík.

Hallgrímur Hallsson, 1962, Árhólum, Þingeyjarsveit.

Jón Benediktsson, 1946, Auðnir, Þingeyjarsveit.

Túnakort:

Halldórsstaðir í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu. (1919.) Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri.

Kasthvammur í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu. (1919.) Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri.

Þverá í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu. (1919.) Prentsmiðja Odds Björnssonar. Akureyri.

Örnefnaskrár:

Auðnir. Benedikt Jónsson skráði að mestu og uppdrátt af landinu. Örnefnastofnun.

Birningsstaðir. Reykdælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði. Samlesið BO/BJ. Örnefnastofnun.

Halldórsstaðir. Reykdælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. William F. Pálsson, Þór Pálsson. Samlesið SJ/BO. Örnefnastofnun.

Kasthvammur og Árhvammur. Reykdælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði, Bergsteinn Gunnarsson Kasthvammi ritaði leiðréttingar og athugasemdir. Samlesið J.H. Örnefnastofnun.

Hólar. Reykdælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslason skráði. Samlesið JH. Örnefnastofnun.

Stórulaugar. Reykdælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Ari Gíslason og Aðalsteinn Aðalgeirsson. Örnefnastofnun.

Þverá. Reykdælahreppur. Suður-Þingeyjarsýsla. Jónas Snorrason Þverá skráði. Samlesið BO/SJ. Örnefnastofnun.